

Mannvit hf.
Böðvar Bjarnason
Grensásvegi 1
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090600119/ksj

Breyting á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005 - 2025 (Nú Norðurþing)

Vísað er til erindis verkfræðistofunnar Mannvit er barst 22.06. sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að breyttu aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005 – 2025.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu nær yfir fjögur atriði: Tillögu að breyttri staðsetningu háspennulína, tillaga að breytingu á veglínu, skilgreiningu á 11 nýjum efnistökusvæðum, og tillaga að breytingu á iðnaðarlóð á Bakka.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna.

Breyting á háspennulínum

Tillaga er um að lína er áður var áætlað að færi norðan við Höskuldsvatn á leið frá Þeistareykjum að Bakka liggja þess í stað í norðvestur fyrir sunnan Höskuldsvatn. Einnig er tillaga um að breyta lítilla legu línu er liggur í norður frá Kröflu, mætir áður nefndri línu 2 km fyrir vestan Höskuldsstaðavatn. Að mati Umhverfisstofnunar er kostur að línurnar liggja samsíða á stærri kafla eftir breytinguna. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á línuleið.

Breyting á vegi

Gerð er tillaga að breytingu á vegi er liggur frá Höskuldsstaðavatni í átt að Húsavík. Með breytingunni verður vegurinn beinni, og sést á uppdraetti að breytingartillagan gerir ráð fyrir efnistökusvæði við veginn. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Staðsetning efnistökusvæða

Í tillögu að breyttu aðalskipulagi er sýnd staðsetning efnistökusvæða sem miða að því að fullnægja efnisþörf vegna fyrirhugaðrar háhitanýtingar. Alls eru sýnd 11 ný efnistökusvæði. Umhverfisstofnunar telur staðsetningu efnistökusvæða ásættanlega.

Breyting á iðnaðarlóð


Á tillögu að breyttu deiliskipulagi Húsavíkur 2005 – 2025 er sýnd mikil stækkun á iðnaðarlóð fyrir álverið á Bakka. Stækkun iðnaðarsvæðis er um 80 % þ.e. úr 105 ha í 188 ha. Á


upprætti eru mörk þynningarsvæðis sýnd með ljósri brotalínu. Þar sem iðnaðarlóðin nær að sjó er ekki sýnd ljós brotalína, sem þýðir að við ofangreinda breytingu verður aðgengi almennings að náttúruminjasvæði nr. 528 á náttúruminjaskrá, **Bakkafjara og Bakkahöfði** um þynningarsvæði. Í náttúruminjaskrá er svæðið skilgreint svo: „*Bakkafjara og Bakkahöfði, Húsavík. Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. Sérkennilega rofnir sjávarklettur og nafir (bergangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.*“ Umhverfisstofnun veur athygli á því, nú sem í fyrri umsögnum að tryggja verði aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða. Einnig kemur fram að ofangreint svæði á náttúruminjasvæði mun skerðast enn frekar. Umhverfisstofnun telur ekki æskilegt að gengið sé á svæði á náttúruminjaskrá nema að fyrir breytingunni séu góð og gild rök. Einnig telur Umhverfisstofnun að góð rök þurfi að liggja fyrir því að aðgengi að svæði á náttúruminjaskrá sé um þynningarsvæði álvers.

Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu er fylgir breytingartillögunni kemur fram að votlendi innan iðnaðarlóðar álvers á Bakka falli undir 37. grein laga þar sem um er að ræða svæði uppá meir en 3 hektara. Þar sem um tap á votlendi verður að ræða telur Umhverfisstofnun að endurheimta ætti jafn stórt votlendi í nágrenni Bakka í staðinn sem mótvægisáðgerð.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun